# Frumvarp lögreglusamþykktar 1889-1890

Aðfnr. 2242


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Heraðslæknirinn í Reykjavík 17. sept. 1897.

Jeg tel víst að hinni heiðruðu bæjarstjórn sje fullljóst að þrifnaði og hreinlæti hjer í bæ er mjög svo ábótavant. Þrifnaðarákvæðin í lögreglusamþykktinni eru harla ónóg og þar við bætist svo, að hjer er að rjettu lagi engin heilbrigðis- eða þrifnaðarnefnd til.

Af þessum ástæðum leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina heiðruðu bæjarstjórn að hún taki til íhugunar uppástungu mína, þá er hjer með fylgir, um breytingu á VIII. kafla í lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurkaupstað. Jeg hef sniðið þessa uppástungu eptir heilbrigðissamþykktum ýmissa smábæja í Danmörku og ekki sjeð mjer fært að taka aðrar kröfur, en þær, sem jeg álít allranauðsynlegastar.

Jeg leyfi mjer að vonast þess, að þetta mál verði sett í nefnd og mjer gefinn kostur á því, að gera nefndinni munnlega grein fyrir hverju einstöku atriði í uppástungu minni.

Virðingarfyllst

G. Björnsson

Til

Oddvita bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Uppástunga

## um breitingu á VIII. kafla í lögreglusamþykt fyrir Reykjavíkurkaupstað (1. jan. 1891.) 15. nóv. 1890

— u —

## VIII. Kafli orðist svo:

## Um almennt hreinlæti og þrifnað

49. gr.

Til þess að hafa gætur á almennum þrifnaði í bænum skal stofnuð þrifnaðarnefnd. Bæjarfógeti og hjeraðslæknir skulu jafnan eiga sæti í nefnd þessari og sje bæjarfógeti formaður hennar. Auk þeirra skal nefndin skipuð 5 mönnum; þá kýs bæjarstjórnin og sjeu tveir úr hennar flokki. Skyldir eru menn að gegna þessu starfi í 3 ár; endurkosning er leyfileg, en þeir sem setið hafa samfleitt 3 ár eða lengur í nefndinni eru ekki skyldir að gegna kosningu fyrir en jafnlangur tími er liðinn.

Nefndin heldur fundi þá er formanni þykir þurfa eða tveir af nefndarmönnum æskja þess. Nefndin heldur fundarbók og færir inn í hana gjörðir sínar.

Bæjarfógeti hefur alt framkvæmdarvald af hendi nefndarinnar. Hann getur neitað að framfylgja ályktunum nefndarinnar og skal þeim þá skotið undir úrskurð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

landshöfdingja.

Þrifnaðarnefndinni ber að hafa vakandi auga á því, að lögreglusamþykkt bæjarins sje hlýtt, að því er þrifnað snertir. Er því nefndinni heimilt að gæta að öllu því, sem þar að lýtur, jafnt á almanna færi og einstakra manna lóð, utanhúss og innan. Er henni og heimilt að láta aðra vinna það verk fyrir sig.

50. gr.

Þrifnaðarnefndin hefur gætur á vatnsbólum bæjarins að vatnið sje hreint í þeim.

Ekki má gera ný vatnsból handa almenningi án vitundar og samþykkis nefndarinnar.

(Allir brunnar bæjarins skulu hlaðnir úr brunnsteini, eða höggnu grjóti, og steinlími, svo að hleðslan sje vatns~~þjett~~held. Niður með hleðslunni að utan skal troða deigulmó 4 álnir í jörð niður ef brunnurinn er svo djúpur og engar klappir afar í jörðu; þetta lag sje 1 fet á þykkt í minnsta lagi. Brunnveggurinn skal ná 2 fet, eða meir, upp úr jarðveginum og sje ~~vatnan nu t~~ ofan á jarðveginum utan um vegginn 2 feta breiður, ~~eða~~ þaðan af breiðari ~~vat~~ steinsteyptur vatnsheldur kragi. Brunnopið skal byrgt með þjettum hlemmi; gegnum hlemminn gangi vatnsdæla og strompur)

Brunnar bæjarins skulu hreinsaðir á þann hátt, er þrifnaðarnefndin segir fyrir og eins oft og henni þykir þurfa.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nú er óhreint vatn í honum, og getur þá heilbrigðisnefndin bannað að sökkja vatns-fötu í hann þar til viðgerð sje lokið.
Sje ekki hægt að bæta brunninn svo að nýtilegt vatn fáist úr honum, (getur nefndin skipað að) skal leggja hann niður og moka ofan í hann.

Bannað er að skemma vatnsból bæjarins eða spilla vatni í þeim.

Við vatnsbólin má ekki þvo fatnað, ílát eða annað, og ekki slægja fisk.

Salerni, sorphauga, áburðarhauga, forir og annað þess háttar má ekki hafa nær vatnsbólunum, en heilbrigðisnefndin leifir, og aldrei nær en svo, að nemi 30 fetum.

51. gr.

(Hverri götu í bænum skal fylgja ræsi. Skal það gert eftir nákvæmu hallamáli og sjeð um að öll ræsin standist á; sje hallinn hvergi minni, ef unt er, en 1:150.

Göturæsin skulu svo fljótt sem verða má gerð úr steinsteypu eða höggnu grjóti og steinlími, svo að þau sje vatns-~~þjett~~ held)

Hver húseigandi er skyldur að gera skolpræsi frá húsi sínu út í göturæsið, ef til er, og sje það gert á sama hátt eða eins vandað og göturæsið.

Þverrigrafir og vilpur skulu lagðar niður alstaðar þar sem ~~ræs~~ göturæsi eru til eða jafnóðum og þau eru gerð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

52. gr.

Á götum, strætum og svæðum, sem almenningur fer um, má enginn fleygja frá sjer hrdum, moli, sorpi, ösku, saur eða öðrum óhreinindum úr húsum. Eigi heldur má fleygja í göturæsin, lækinn, tjörnina eða sjóinn neinu af því, sem fyr var talið.

Hei, þang, mó, mold, áburð eða annað þess konar, sem slæðist niður við flutning um götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, skal sá, er flutninginn ræður, skyldur að hreinsa upp samdægurs. Annars eiga kláfar, vagnar eða önnur ílát, sem áburður er fluttur í, að vera svo þjett og eigi fyllri en svo, að ekki hrynji úr þeim meðan á flutningnum stendur.

(Allar götur og göturæsi skulu hreinsuð (svo oft sem þrifnaðarn. þykir þurfa ~~einu sinni í viku~~) og öllum óhreinindum ekið burt þegar í stað. Á sumrum getur þrifnaðarnefndin ~~skipað tíðari hreinsun og~~ lagt fyrir að þvo þær skolað með vatni þar sem þurfa þykir.

Húsráðendur eru skyldir að hreinsa skolpræsi sín á samahátt og jafnoft og göturæsin eru hreinsuð.)

53. gr.

Húseigendur eru skyldir að láta sorpskrínu fylgja hverju húsi.

Skrínan á að standa svo fjarri dyrum,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gluggum og loftaugum að neini 12 fetum að minsta kosti. Hún skal gerð eptir fyrirmynd, sem bæjarstjórnin lætur í tje.

Í skrínur þessar skal fleygja ~~ösku~~ sopi, ösku og öllu rusli, sem úr húsunum kemur, en bannað er að láta í ~~þær~~ saur, mykju, tað eða gor.

Bæjarstjórnin tekur að sjer að láta flytja burt sopið úr skrínunum jafnótt og þær fyllast; tekur hún endurgjald af húsráðendum.

Heilbrigðisnefndin kveður á um hvar láta megi sopið utanvert við bæjinn.

54. gr.

Salerni skulu fylgja hverju íbúðarhúsi, eitt handa hverjum tíu íbúum, að börnum frátöldum.

Salernið (~~sje að minsta kosti í 12 feta fjarlægð frá dyrum gluggum og loftaugum á íbúðarhúsinu. Það~~) má því aðeins standa við götu eða torg, að steingirðing eða skíðgarður komi í millum.

Í hverju salerni sje saurkaggi, gerður eptir fyrirsögn eða fyrirmynd, sem bæjarstjórnin jafnan hefur til sýnis. Kagginn á að standa á ~~stein~~ vatnsþjettu steingólfi, og eigi sje lægra en jarðvegurinn umhverfis, og ná alla leið upp að setunni. Strompur skal vera í salerninu og sje neðra opið undir setunni en hið efra á þakinu uppi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í húsum inni má þó að eins hafa salerni að þrifnaðarnefndin leifi; getur nefndin tekið aftur þessa konar leifi ef firirmælum hennar sé ekki hlítt. Í innanhúss salernum skal ~~jafnan~~ daglega strá mómold í ~~kassa~~ kaggann ~~í hvert sinni, sem salernið er notað~~

Bæjarstjórnin ~~tekur~~ getur tekið að sér að láta hreinsa öll salerni bæjarins gegn endurgjaldi frá húsráðendum. Slík hreinsun skal fram fara á nóttunni frá kl. 12–5 á sumrum og frá 10–6 á vetrum. Mómoldarkagga má flitja að degi til.

Saurinn skal fluttur út fyrir bæinn á þá staði sem þrifnaðarnefndin leifir

## 55. gr.

Fjós og hesthús má ekki reisa framar á lóð bæjarins án skriflegs leifis þrifnaðarnefndarinnar.

Básgólf og flór skulu steinsteypt eða gerð úr höggnu grjóti og steinlími svo að vatnsþétt sé, en undir steingólfi sé lag af leir eða deigulmó, 1 fet á þikt eða meir. Básarnir skulu hallast lítið eitt fram að flórnum en flórinn liggja að lokuðu vatnsheldu steinræsi, er gangi í mikjugrifju eða mikjuvagn.

Hesthús skal biggja á sama hátt þó getur þrifnaðarnefndin leift að hér sé

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gólfið hellulagt, en álímt og sje þó stöð mómold á flórinn á hverjum degi

Ef þurfa þikir getur heilbrigðisnefndin skipað að fjós og hesthús, sem eldri eru en samþikt þessi gengur í gildi, sje gjörð eins og nú var greint.

56. gr.

Þar sem stórgripir eru hafðir skal mikja og tað látið í vatnsheldan lokaðan vagn eða vatnshelda lokaða steinsgrifju og flutt burt jafnóðum og vagninn eða grifjan fillist.

Mikjuvagn eða mikjugrifja má ekki vera nær dirum, gluggum eða loftaugum á íbúðarhúsum en neinni 12 fetum, og því aðeins nærri götu eða torgi að hár þjett girðing komi á milli.

Vagnar þessir og grifjur skulu allar gerðar eftir firirsögnum og teikningum, sem bæjarstjórnin lætur í tje.

Einu sinni á hverju ári skulu eigendur reina grifjur sínar, hvort þær eru vatnsþjettar, og skal það gert á þann hátt, sem heilbrigðisnefndin segir firir. Sje grifja gisin skal eigandi þjetta hana áður en í hana er borið á ný; ef þess er ekki kostur, þá skal grifjan ekki notuð framar, en fillt með sandi eða grjóti.

57. gr.

Lifrarbræðsla og önnur iðna, sem óhollustu veldur eða óþrifnaði, má ekki fara fram á lóð bæjarins án skriflegs

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leifis þrifnaðarnefndarinnar og sje öllum
þeim þrifnaðarskilyrðum fullnægt, sem
nefndin setur. (Nefndin hefur einnig
gætur á því að alskonar vinnustofur
sjeu þrifaðar vel og ekki haft ofmargt
fólk í þeim.)

Á húshliðar eða gafla, sem vita
að götum eða torgum, má ekki hengja,
negla eða festa á annan hátt neins
konar fiskifång nje annað, sem óþrifnaður
er að eða óþefur, og eigi má heldur
hafa fiskitrönur við almanna færi

Áburð úr salernum má ekki
bera á tún í sjálfum bænum eða á
þann hluta af öðrum túnum, sem veit
að almannafæri

58. gr.

Þeir einir mega fást við að
slátra stórgripum ~~skepnum~~ og sauðfjenaði, sem fengið
hafa skriflega heimild til þess hjá
þrifnaðarnefndinni. Þessi heimild skal
veitt ef skilyrðum þeim verður fullnægt,
er nú skal greina:

Skepnurnar skulu drepnar og gerðar til
á vatnsheldum steinpalli. Gor og aðrar
sláturleifar skulu færðar í vatnsheld keröld,
vagn, eða steingryfju. Pallurinn skal hreinsaður
og þveginn dag hvern þá er slátrað er

Slátrunarpallur má eigi vera nær
íbúðarhúsum eða vatnsbólum, forargryfjum eða
salernum, en nemi 20 fetum. Viti pallurinn
að almannafæri skal í milli koma mannhá,
þjett girðing.

Það er bannað hvernig sem á stendur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að láta hunda koma á blóðvöllinn.
Brot á banni þessu er á ábyrgð hlut-
aðeiganda ~~slátrara~~ lóðareiganda

Kjötgeymsluhús slátrara sjeu hrein
og loftgóð.

Þrifnaðarnefndin getur tekið aftur
slátrunarleyfi ef slátrari óhlýðnast
fyrirmælum þessarar samþyktar eða
bærinn reisir opinbert slátrunarhús.

59. gr.

Þrifnaðarnefndin hefur gætur á því
að skemd matvæli eða hættuleg
fyrir heilsu manna sjeu ekki höfð
á boðstólum. Skal nefndinni heimilt
að skoða alskonar matvörur og neyslu-
vörur hjá kaupmönnum hvenær sem
henni líst. Öll skemd vara af þessu
tagi skal, ef hún er skaðvæn, eyðilögð eða
gerð óskaðleg á þann hátt er nefndin segir
fyrir og á kostnað vörueigandans.

Þrifnaðarnefndin getur bannað
matvælasölu, ef sölustaðurinn virðist
með öllu óhæfur; þessu banni getur
hún beitt um stundarsakir ef næmur
sjúkdómur er fyrir á sölustaðnum og
hætt við að salan greiði veikinni
götu

Banna má að flytja mjólk í
bæjinn af heimilum þar sem næm
veiki er fyrir í mönnum eða skepnum

60. gr.

Þrifnaðarnefndin hefur gætur á
hreinlæti í barnaskólum bæjarins-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hver sem hefur 10 börn eða fleiri í kenslu, er skyldur að tilkynna nefndinni starfa sinn og getur nefndin heimtað að kenslustofan sje eigi minni en svo að 100 teningsfeta loftrúm komi á hvert barn. Nefndin getur og krafist þess að lofti sje veitt í slíkar kenslustofur á þann hátt, sem henni þykir hlýða.

— 4 —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

L I. Kafli
Um reglu og velsæmi á götum

# Frumvarp
## til lögreglusamþykktar
## fyrir Reykjavíkur-kaupstað.

L.

1. gr.

Uppþot eða mannsöfnuður, sem raskar reglu eða tálmar umferð á götu, vegi eða svæði, sem eru til almennings afnota, má ekki eiga sjer stað.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á götum, vegum eða svæðum, þar sem almenningur fer um, svo og við kirkjudyr og annara húsa, þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sjer eptir fyrirmælum lögregluliðsins til að varðveita götureglu.

3~~0~~. gr.

Á alfara-vegi, stræti eða svæði má eigi fljúgast á, æpa, kalla, blístra ~~Da~~ syngja hátt, eða hafa annan hávaða eða ofsalegt og móðgandi háttalag, sem raskar allsherjar reglu eða ónáðar þá sem um fara eða nálægt búa.

4. gr.

Enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast nokkuð það að, sem ónáðar húsbúendur.

L ~~fara~~ fremmastts á skautum og sleðum

5. gr.

Á götu, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, má eigi leika knattleik, pinnaleik, klink, og ekki gjöra rennibrautir eða hafa aðrar skemmtanir, sem tálma umferðinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. gr.

Á eða yfir götur, stræti eða vegi, sem almenningur fer um, má eigi skjóta með byssum, skambyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum, ekki kveikja í púðri, skoteldum eða neinskonar sprengiefnum öðrum; eigi kasta eða fleygja frá sjer steinum, [glerbrotum] trjeköttum, óhreinindum, vatni eða neinu öðru, er tjóni getur valdið eða ópægindum fyrir þá er um slíka staði fara.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri eða í búningi sem ~~eða~~ misbýður velsæmi, eða getur raskað allsherjar reglu. Sömuleiðis er bannað á almannafæri að sýna af sjer hneykslanlega hegðun, t. a. m. með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum [eða gjöra þarfir sínar] á hneykslanlegan hátt, o. fl.

8. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins eða annarstaðar svo nálægt landi, að hneyksli valdi, eigi heldur nálægt skipum er á höfninni liggja. –

II. Kafli [~~Reglur~~ Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættu fyrir umferðina]

9. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## 10. gr.

Án leyfis lögreglustjórnarinnar má enginn setjast að á götu, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, til að selja ætvörur eða reka aðra atvinnu, og sje slíkt leyfi veitt, þá að eins á þeim stað, sem leyfið tiltekur. — Án ~~samþykkis~~ leyfis hlutaðeiganda húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húsriðum, í garðblettum eða á öðrum stöðum þar sem inn er gengið í hús eða á húslóð. —

## 11. gr.

Stjettir meðfram húsum ~~[illegible]~~ skulu eingöngu ætlaðar fyrir gangandi menn. Þar má eigi ~~aka~~ fara með sleðum, hjólbörum ~~og~~ vögnum eða öðrum aktólum, nema barnavögnum, og þar má eigi bera, draga, velta eða á annan hátt fara með sjer fyrirferðarmikla hluti, svo sem tunnur, hey eða hrís eða annað, sem gjörir umferðina ógreiða. Ljái, gaddhrífur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotist af, má að eins flytja eptir götunum sjálfum og skal varlega með þá fara. —

## 12. gr.

Á götum, strætum, stjettum, torgum, eða annarstaðar á almannafæri má eigi leggja eða setja neitt það sem tálmar umferðinni; þó mega þeir, sem flytja að sjer vörur [illegible] eldivið, hey eða annað, og eigi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

geta lagt það frá sjer á eigin
lóð, ~~mega~~ leggja þeir hluti
frá sjer á torginu og götum meðan
á flutningunum stendur, ~~þá skulu~~
~~þeir eigi og~~ en ávallt skulu þeir
lagðir svo, að þeir gjöri sem
minnstan faratálma. Vagna
hjólbörur og sleðar mega eigi
standa á götum eða strætum
lengur ~~en~~ en nauðsynlegt er til
að fylla þá eða tæma, en aldrei
mega þeir standa á stjettum.

13

Á götum, strætum ~~og~~ eða torgum
sem almenningur fer um,
má eigi vinna neina vinnu,
er ~~vinnu~~ tálmar ferð manna eða gjöri
hana hættulega, t. a. m.
kljúfa við, höggva grjót, járn
herða eða þvíuml. Á götum
eða strætum má eigi heldur
hrista gólfteppi, viðra sængur
föt eða hengja þau til
þerris eða annað þess konar

15. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeig-
endum er skylt að annast um
að tilhlýðilegt eptirlit sje haft
með ósjálfbjarga börnum, sem
eru á þeirra vegum, meðan þau
eru á götunum eða annarstaðar
á almannafæri.

17 gr.

Þegar hús eru byggð af nýju
eða eldri hús rifin og byggð upp

án leyfis lögreglustjórnarinnar
14. gr. Enginn má hengja vöruskápa
gluggaskýlur, nje annað þess konar
utan á hús, þeim megin sem að strætinu
veit eða torginu, eigi heldur setja
eða láta standa í opnum gluggum
~~18. gr.? 19. gr.? 20. gr.?~~
sem vita að torginu eða strætunum,
~~15. gr.~~ neitt, það, er hrapi getur vald-
ið, ef það fellur niður

16. ~~má standa á ... við götur,~~
~~getur lögreglustjórinn skipað~~
~~fyrir, hvernig haga skuli umferðinni~~
16. gr. Lögreglustjóri getur, ef nauðsynlegt
þykir, skipað fyrir, hvernig haga skuli um-
ferðinni, meðan stendur á viðgerð við
götur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að mýla forsvaranlega, að viðlagðri hegningarábyrgð.

30. gr.

Enginn má siga hundi á mann né láta fyrirfarast að aptra hundi sínum, þegar ~~ef~~ hann verður var við, að hann ræðst á mann ~~[illegible]~~. Hver sem brýtur á móti þessu er hegningarverður, þó að ekkert tjón hafi hlotizt af háttalagi hans. —

31. gr.

Flækingshunda — en þar til teljast allir hundar, sem ekki eru eign eða á vegum bæjarmanna — getur lögreglustjórnin látið handsama og auglýsa, og ef eigandinn gefur sig eigi fram innan 3 sólarhringa og greiðir áfallinn kostnað, má drepa slíka hunda. Sama er um hunda sem raska svefnfriði manna með gelti og spangóli á náttarþeli.

32.
~~29~~. gr.

Nú vill einhver halda grimma hunda til vörzlu á tilteknum stað, og skal hann þá skýra lögreglustjórninni frá því. Staði það, er slíkir hundar eru hafðir á, skal vera svo tramlega girt og lokað, að hundarnir ~~þá~~ komist eigi út, og ávallt skal þar á staðnum vera uppfest greinileg auglýsing að vörzluhundar sje þar haldnir og á hverjum tímum hann sje laus.

~~30 g~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V. Kafli
Um friðun almenningseigna
o. fl.

33. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni, sem nefnast, er ætlaðir eru til að menna afnota eða til prýði, [á almanna færi] ~~má~~ ~~og~~ svo sem ~~...~~ brunnvarta, vatnsból, götuljósker, nafna- og tölu-spjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þessháttar má enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða saurga, rita rispa, tjarga, mála eða teikna á þá, og þetta sama á einnig við um þann hluta af húsum múr- eða trégirðingum ~~og garðhlut~~ sem liggur á almannafæri. ~~48 gr.~~

34. gr.

Enginn má klifra uppá eða yfir eða skemma girðingar, ~~sem~~ er settar eru fram með götum strætum eða svæðum, sem liggja á almannafæri.

35. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sjer stað; trje og aðrar jurtir, sem gróðursett eru á grafreitum eða á leiðum, má enginn ~~rífa upp~~ ~~eigi spilla á annan hátt~~ eða færa burtu, eigi spilla eða saurga grafreitina á nokkurn hátt.
Skepnur má eigi beita í kirkjugarðinum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Götuspjöld VI Kafli

Um (hús) númer og uppfesting auglýsinga

33. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa nafnaspjöld eða mála nöfnin á götuhornum, þar sem þurfa þykir. Tölusspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið [eða látnar] festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað [eða] endurnýja, ef á þarf að halda.

34. gr.

Bæjarstjórnin ákveður, hvar uppfesta skuli auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og skal á kostnað bæjarsjóðs útvega spjöld í því skyni svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, dansæfingar, sýningar og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem vill með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

Aðrar auglýsingar má eigi festa upp nema með leyfi hlutaðeigandi [eða] húsráðanda og lögreglustjórnarinnar; þó eru undanþegnar auglýsingar, er snerta húsið sjálft eða íbúa þess.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

38. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendum taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gjöra ólæsilegar á annan hátt.

VI. kafli

Um veitingahús, skemmtistaði og almennar skemmtanir.

39. gr.

Hverjum þeim er hefir um hönd veitingasölu, matar eða drykkjarfanga, áfengra eða óáfengra, er skylt að gjöra það sem í hans valdi stendur til að ~~afstýra því, að gætt sé þess að regla og velsæmi sé ávallt gætt~~ afstýra því að neitt það fari fram á veitingastofum hans, sem er á móti góðri reglu og velsæmi.

40. gr.

Á almennum veitingastað má engum gjörast sekur í ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir húsbóndi ~~eða~~ heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af eða óþæginda.

Þar má eigi heldur sýna af sér ósæmilega eða hneykslanlega hegðun.

41. gr.

Unglingum yngri en 16 vetra má eigi selja eða veita áfenga drykki

að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu stræti eða torgi, sem almenningur fer um, skylt að fylgja eigi eptir þeim fyrirmælum, sem hann ~~lögreglustjórinn~~ setur til að afstýra farartálma, eða hættu og óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má eigi leggja frá sjer á almannafæri, nema þar sem lögreglustjórinn leyfir og skal það eigi látið liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leifa af verkefni og annað er af ~~ty~~ ~~huse~~ byggingunni stafar skal ~~hús~~eiganandinn færa burtu þegar húsgjörðinni er svo langt komið, að því verði við komið.

Skyra lögreglustjóra frá, ~~hvenær~~ áður en verkið byrjar

18. gr.

Pallar, stigar og annað umbúnaður ~~þeskona~~ sem notaður er við húsgjörðir og aðrar byggingar eða útgerðir á húsum skulu vera nægilega traustir, og þeir sem nota hann, skulu vera duglegir og áreiðanlegir menn. Lausir stigar, sem notaðir eru ~~nú~~ ~~tel~~ við anamboltum á húsum að utan, málningu ~~at~~ gluggaþvott eða þess konar, skulu vera forsvaranlega traustir og kjálkarnir búnir járngoddum að neðan, ef stiginn er meir en 6 al langur.

Lausnitas

Brot gegn þessari grein eru á ábyrgð þess, er verkið annast, eða, ef hann er eigi tilgreindur þó á ábyrgð húseigandans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. gr.

Nú er hús eða hluti af húsi svo hrörlegt, að hætta er búin að það hrynji eða falli niður, og getur lögreglustjórinn þá bannað að nota húsið, og lagt fyrir eigandann innan tiltekins tíma, að láta gjöra slíkar umbætur á því, sem nauðsynlegar eru til að afstýra hættu. Auk þess getur lögreglustjórinn ~~gjört~~ á kostnað eigandans gjört aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. —

Sama er og, þegar steinvegg, trjeverk eða annari girðingu liggur við hruni eða falli.

20. gr. —

Áhöld öll sem notuð eru til að hefja upp ~~[illegible]~~ eða renna niður vörum og öðru í eða ~~frá~~ úr húsum, sem liggja á almannafæri, skulu vera nægilega traust, og þeir sem nota þau skulu vera æfðir menn og áreiðanlegir

21. gr.

Nú gengur kjallaradyr (gang) út ~~á~~ að stjett eða götu og lengra fram en húshliðin, og skal þá kjallaraopið vera byrgt með hlemmi eða hlera frá því dimmt er á kveldin uns bjart verður á morgnana, nema gætt sje ~~sje~~ nægi-

Lyptivjelar og Sigvjelar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~32. gr.~~ ?

22. gr. Þegar ís er á tjörninni má enginn höggva göt eða vakir í hann án leyfis lögreglustjórnarinnar.

lega afgirt með grindum beggja vegna.

III Kafli

Um reið og akstur á götunum og rekstur gripa og fjenaðar o. fl.

23. gr.

Þeir sem ríða eða aka um göturnar skulu við hafa tilhlýðilega aðgætni einkum er þeir fara fyrir götuhorn eða fram hjá garðshliðum. – ~~Kappreið~~ Á götum, torgum og annarstaðar á alfaravegi má eigi ríða eða aka harðara en á ~~i~~ hægu brokki; og skulu þeir sem aka eða ríða, ef þörf gjörist, í tækan tíma gjöra viðvart mönnum, sem á undan þeim ganga. Á stjettum má engum ríða eða aka. – ½

½ Þegar hesturinn er beittur fyrir sleða ~~eða kerru~~, skal festa við hann hæfilega bjöllur, svo að til þeirra heyrist í tækan tíma

24. gr.

Lestamenn og aðrir ferðamenn mega eigi binda hesta sína eða láta þá standa á götum bæjarins eða stjettum. Með akandahesta skal eigi hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klyfjar.

25. gr.

Bæjarmenn mega eigi láta hesta sína ganga lausa á götum bæjarins frekar en nauðsynlegt er til að hleypa þeim í haga eða til vatns; folnir og slægir hestar mega alls eigi ganga lausir, né heldur þeir hestar, er ~~fara~~ leika sjer eða fara

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á hlaupum um göturnar. Frá 15. apríl á vorin til þess er hestar eru teknir úr högum á haustin má alls engir hestar ganga lausir um bæinn án leyfis lögreglustjórans.

26 gr.

I. bæjarmann

Sauðfénaður má eigi ganga laus um bæinn frekar en nauðsynlegt er til að reka hann út og í haga eða fjöru eða til slátrs og skulu allir koma fjenaði sínum burtu úr bænum ekki seinna en 1. maí, nema þeir hafi hann í ~~gæzlu~~ vörzlu

27. gr.

Naut, sem færð eru til bæjarins skulu ávallt leidd í bandi nægilega traustu og tveir fullorðnir karlmenn að minnsta kosti fylgja hverju nauti.-

28. gr.

Um hrossarekstra og sauðfjárrekstra, sem reknir eru til bæjarins til útflutnings eða slátrunar, getur lögreglustjórinn gjört þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur:-

IV. Kafli

Um hunda.-

29. gr.

Hunda þá, sem grimmir eru eða hafa þann vana að ásækja menn og hræða með glepsi, urri, eða gelti, getur lögreglustjórinn ~~bo~~ boðið eigandanum að kyrða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

42
– ~~39~~. gr. –

Veitingahúsum öllum, þar sem áfengir drykkir eru seldir, skal lokað kl. 11½ á kveldum, og allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu fara út ekki seinna en kl. 12 á miðnætti; þó má selja ferðamönnum greiða á hverjum tíma sem er, og heimilt skal fjelögum sem lögreglustjórinn þekkir[,] að halda samkvæmi og dansleiki eða aðrar skemmtanir[, ef eigi taka aðrir þátt í því en fjelagsmenn eða gestir þeirra, ~~í veitingahúsum~~, [án þess að vera bundnir við ofangreindan tíma]. ~~Loks~~ Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma

[á veitingahúsum

43. gr.

Engin má halda opinbera sjónleiki [án leyfis landshöfðingjans. ~~(þó getur ávallt veitt slíkt leyfi til að leika sjónleik eitt skipti)~~. Leyfi til að halda sjónleiki í velgjörðaskyni [getur lögreglustjórinn veitt. –

[fyrir borgun?

[eða til að styrkja fyrirtæki í almennings þarfir.

44. gr.

Án leyfis lögreglustjórnarinnar má enginn [halda opinbera samsöngva eða aðrar söngskemmtanir, eigi heldur dansleiki, ekki ~~brenna~~ kveikja skotelda [ekki sýna dýr, myndir eða íþróttir. [

[fyrir borgun?

[eða ganga með logandi blys

[Basar eða tombólu má eigi halda án leyfis landshöfðingjans

45. gr.

Eins og það er vitaskuld, að húseigendur eða húsráðendur geta bannað, að ~~þeir~~ þá sem leyfi hafa fengið til að halda skemmtani

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samkvæmt 40. og 41 gr. nefi það á
þenna hátt, svo er hverjum ein-
um, er sjúklinga hefur á heimili
sínu eða af öðrum gildum ástæð-
um, heimilt að krefjast, að Fenga
~~[illegible]~~ almennar skemmtanir, er háreysti er
að, eigi hafðar svo nærri heimili
hans, að halla eða tjón
geti af því hlotizt.

VIII. kafli

~~Ákvæðum til að afstýra óþrifn-
aði og óhollustu á almannafæri o. fl.~~ → Um almennt hreinlæti og þrifnað

— " —

46. gr.

Á götum strætum og svæðum, er al-
menningur fer um, má enginn fleygja
frá eigi hagum, sorpi, rusli skolpi og nje
öðrum óhreinindum frá húsum.
Eigi heldur má fleygja í lækinn
eða tjörnina neinu af því sem
talið er í þessari grein nema skolpi.
Í sjóinn má eigi kasta neinu
því, er óhollustu að valdið eða stíflað geta vatnsrásina.
Í fjöruna má eigi fleygja fiskslori
ösku mold eða öðrum óhreinindum
ofar en í flæðarmál um hálf-
fallinn sjó.
~~Í lækinn má eigi fleygja~~

47. gr.

Hey, þang, mó, mold, áburð
eða annað þess konar, sem slæðist
eða hrynur niður ~~við~~ flutning um götur stræti
eða svæði, sem almenningur
fer um, skal sá, er flutningnum
ræður, skyldur að hreinsa upp
samdægurs. Annars eiga kláfar
og önnur ílát, sem áburður er
fluttur í, að vera svo þjett og
eigi fyllri en svo, að ekki hrynji
úr þeim meðan á flutningnum stendur.

48. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða
þrónna má eigi hafa standa við götu, stræti
eða svæði, sem almenningur fer um,
nema í steinlímdum gryfjum, og nægilega
byrgðum, og skal þó til þess hafa
leyfi heilbrigðisnefndarinnar

49. gr.

Hjá vatnsbólum bæjarins og í nánd

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við þar, skulu menn ~~við~~ gæta
þrifnaðar og hreinlætis svo sem
framast er unnt. Fatnað, ílát
~~eða~~ annað má eigi þvo við
vatnsbólin. Salerni, sorphauga, áburðar-
hauga, forargryfjur eða þvottakona
má eigi hafa nær vatnsbóli en
heilbrigðisnefndin leyfir. –

L eigi heldur fleygja fisk.

**50. gr.**

Á húshliðum eða göflum, sem
vita að götum, strætum eða torgum
má eigi hengja ~~að~~ negla eða festa
á annan hátt þ. neinn konar fiski-
föng, nje annað, sem óþrifnaður er
að eða óþefur, og eigi má ~~þar~~
~~hafa~~ heldur hafa fiskitrönur
við almannafæri. – Lifrar (Lýsis)
bræðslu og aðra vinnu, sem óþrifnaði
veldur eða óhollustu má eigi hafa
á öðrum stöðum en þeim, sem
heilbrigðisnefndin ákveður.
Áburð úr ~~51. gr.~~ salernum má
eigi bera á tún, sem liggja í
sjálfum bænum, eða á þann
hluta af öðrum túnum, sem
veit að almannafæri. –

**51.**

Bæjarstjórnin tekur að sjer að láta
hreinsa salerni bæjarmanna gegn endur-
gjaldi frá húsráðendum. Slík hreins-
un skal framfara á nóttunni
frá kl. 12 til kl. 5 f. ~~Eig~~ Saurinn úr
salernunum má engum kasta í
tjörnina, nje í fjöruna eða sjóinn,
en það skal látið í byggðar gryfjur
fyrir utan bæinn, þar sem heilbrigðis-
nefndin ákveður.

L á sumrum og kl 10 til kl 6 á veturna

Þó skal það eigi vera bannað tún-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eigendum, að sem vilja vatn á[?] burt úr salernum, að annast sjálfir hreinsunina, að því er þeirra hús snertir. En skyldir eru þeir að haga sjer eptir fyrirmælum þessarar greinar.

Latadru legti [?]

52.

Á aða við almannafæri [?] má eigi slátra skepnum. Það er bannað, hvernig sem á stendur, að láta hunda kanna á blóðvöllum, þegar slátrað er sauðfjenaði. Brot á banni þessu eru á ábyrgð hlutaðeiganda láðareiganda.

Þess skal ávallt gætt að láta eigi sauðkindur horfa uppá, meðan skorið er.

# IX Kafli

## Um staðfesti samþykktarinnar o. fl.

~~55. gr~~

~~5. gr. í lögunum~~

53

Samþykkt þessari skal því að eins beitt í sjerhverjum kaupstaðarins, að það þyki við eiga, eða því verði við komið.

~~54.~~

Nú ~~trássast~~ lætur einhver ~~fyrir~~ farast fyrir að leysa af hendi starf eða fullnægja boði, er fyrir hann er lagt samkvæmt samþykkt þessari, enda sje honum gjört viðvart um það af lögreglustjóranum, og er þá lögreglustjóra heimilt að láta vinna verkið á kostnað hlutaðeiganda.

56. gr

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari, og eigi verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr bæjarsjóði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## 54. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 kr. Börn eldri en 10 ára og yngri en 15 ára skulu sæta vandarhöggum, ef þau hafa áður gjört sig sek í þessum brotum, eða gjört eitthvað, sem hér ræðir um einstaka ákvæðum, þó eigi fleiri vandarhöggum en 15 ~~[illegible]~~ eða sæta einföldu fangelsi allt að 8 dögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en eigi barninu.

## 55. gr.

Ef einhver lætur það ógjört, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjórinn láta gjöra þetta, eða gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað með þetta og kostnaðinn, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórinn gjörir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af afbrotamanninum, eða, ef hann er eigi fær um það, af bæjarsjóði. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit.

# Erindisbrjef
til bráðabyrgða handa lögg[æ]zlumönnum
í Reykjavík

Sfr. 894

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Erindisbrjef

## til bráðabyrgða handa löggæslumönnum í Reykjavík

### 1. gr.

Það er skylda löggæslumanna, hvort heldur eru lögregluþjónar eda næturverdir, ad reyna ad sporna vid glæpum og afbrotum og leitast vid ad koma þeim upp. Svo ber þeim og ad hafa vakandi auga á því, ad almennum fridi og reglu sje eigi raskad, og ad breytt sje eptir þar ad lútandi lagafyrirmælum og lögregluskipunum

### 2. gr.

<u>Lögregluþjónarnir</u> skulu, klæddir einkennisbúningi, ad öllum jafnadi bádir vera á umferd um bæinn frá kl. 11 f. hád. til kl. 10 eptir hád., sinn í hvoru lagi, og þannig ad jafnan sje annar þeirra staddur í midhluta bæjarins (kvosinni). Um adrar götur bæjarins skulu þeir ganga til skiptis, ad minnsta kosti einusinni á dag. Á morgnana frá kl. 7-11 skal ad jafnadi adeins annar þeirra vera á umferd um bæinn til skiptis. Máltídir mega þeir eigi halda bádir í senn og eigi tefjast lengur vid það en 2 stundir alls á dag.

<u>Næturverdir</u> skulu vera á umferd um bæinn frá kl. 10 á kveldin til kl. 7 á morgnana, og skulu ávallt ganga sinn í hverju lagi, en þurfi annarhvor ad-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stodar við, skal hann gjöra hinum aðvart með pýpu sinni. Næturverðirnir skulu jafnan, er þeir eru á verði, hafa einkennishúfu á höfði, og lögregluskjöld festan utan á yfirhöfn sinni.

Eigi má löggæslumaður fara af verði kveld eða morgun fyrr en annar hefur tekið við, og þeir hafa borið sig saman um það er þurfa þykir

3. gr.

Verði maður sjúkur á götum eða á annan hátt ósjálfbjarga, skulu löggæslumenn koma honum heim til sín eða útvega honum húsaskjól og nauðsynlega aðhlynningu

4. gr.

Heimild þá er löggæslumönnum er veitt til að taka menn fasta, skulu þeir varast að nota að ófyrirsynju, og þegar þeir beita henni forðast allar misþyrmingar. Að jafnaði skulu þeir eigi upp á sitt eindæmi taka menn fasta, nema þeir sjeu staðnir að glæp, eða líklegt sje að þeir muni reyna að skjóta sjer undan ábyrgð fyrir lagabrot, eða veiti framkvæmdum löggæslumanna verulega mótspyrnu eða æsi aðra til þess. Þegar maður er tekinn fastur, skal það tilkynnt lögreglustjóra svo fljótt sem kringumstæður leyfa. –

5. gr.

Verði háreysti eða ryskingar á almannafæri, skulu löggæslumenn stilla til friðar, og ef þörf gjörist taka þá seku fasta. – Löggæslumönnum er heimilt, ef á þarf að halda að kveðja sjer til aðstoðar hvern þann, er þeir ná til, til þess að hindra lagabrot eða bæla niður óspektir og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mótþróa. —

6. gr.

Beiðist húsráðandi aðstoðar lögreglumannanna til að stöðva áflog, illdeilur eða aðra óreglu í húsum sínum, er honum heimilt að fara þangað inn og stilla til friðar. —

7. gr.

Lögregluþjónar skulu gjöra sjer far um að kynna sjer hag og ástæður þeirra manna, er setjast að hjer í bænum og hvort þeir hafa fengið nauðsynlegt leyfi til þess. —

8. gr.

Til viðhalds almennri reglu og hreinlæti á götum bæjarins skulu lögregluþjónar sjerstaklega gæta þess sem hjer segir:

1. að líta eptir að rusl og óþverri liggi ekki á götum og torgum bæjarins eða bæjarbryggjunni, að rennur sjeu hreinsaðar og borð yfir þeim í lagi. —
2. að eigi sje farið á skautum um götur bæjarins eða rennt sjer á sleðum, þar sem bratti er eða halli, og að stráð sje sandi eða ösku á svellið í hálku. —
3. að eigi sje látið eða skilið neitt eptir á götum bæjarins, er geti orðið til meins eða farartálma, að eigi sje riðið eða ekið eptir stjettum meðfram götum bæjarins, eða gripir látnir standa þar eða farangur. —
4. að eigi sje riðið eða ekið hart um bæinn. —
5. að ekki sje slátrað skepnum á almannafæri, og hundar eigi látnir komast þar að. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. að ekki sje kastað grjóti snjó eða öðru, er tjón getur af hlotizt, ekki skotið úr byssum eða öðrum skotfærum eða flugeldar hafðir um hönd. —
7. að hneikslanleg ósiðsemi eigi sjer ekki stað á almannafæri. —
8. að eigi sje farið illa eða miskunarlaust með skepnur
9. að eigi sje spillt almenningseign hjer í bænum
10. að þeir til skiptis sjeu viðstaddir þegar guðsþjónusta gjörð er haldin í dómkirkjunni, til að sjá um að engin óregla eigi sjer stað. —

Ef þrjóskast er við að færa burtu af almannafæri það, sem er til meins, óþrifa eða farartálma, mega lögregluþjónar láta taka það burtu á kostnað hlutaðeiganda, þó skulu þeir, ef um mikinn kostnað er að ræða, leita fyrst úrskurðar lögreglustjóra. —

9 gr.

Lögregluþjónar skulu hafa nákvæmar gætur á, að ólögleg sala eða veiting áfengra drykkja, eða almennar skemtanir í heimildarleysi ekki eigi sjer stað. —

10. gr.

Næturverðir skulu sjerstaklega gæta þess:
1. að enginn háreysti eða óspektir eigi sjer stað er raski frið eða næði bæjarbúa. —
2. að slökkt sje á götuljóskerum á ákveðnum tíma. —
3. að gjöra mönnum viðvart ef dyr eða gluggar standa opnir að nóttu til. —
4. að veitingahúsum sje lokað á ákveðnum tíma (kl. 11½) og gestir dvelji þar eigi lengur en til kl. 12 á kveldin, og að eigi sje þar háreysti eða óspektir.
5. að gjöra mönnum viðvart í tæka tíð, ef háski er búinn af eldi, vatni eða veðri. Komi eldur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

uppi í híbýlum manna, ber þeim fyrst að vekja þá, og hefja síðan brunakall, og að því búnu gjöra lögreglustjóra og slökkviliðsstjóra viðvart.

6. að krefja þá sögu sem eru á ferð á náttarþeli, með einhverja muni, svo að tortryggilegt þyki, og veiti þeir eigi fullnægjandi andsvör, má taka þá fasta.

\# \# \# \# \#

Þannig samþykkt á bæjarstjórnarfundi 21. marz 1889.

Halldór Daníelsson

\# \# \#

Rjett eptirrit vottar

Halldór Daníelsson

\# \# \#

Samkvæmt cancelli-auglýsingu 19. Nóv. 1839 er framanskrifað erindisbréf samþykkt til bráðabirgða handa löggæzlumönnum í Reykjavík.

Amtmaðurinn í Suðuramtinu Reykjavík 9/4 1889

E. Th. Jónassen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Erindisbréf
til bráðabyrgða
handa löggæzlumönnum
í Reykjavík.

~~Frumvarp~~.

N3
uniform

## 1. gr.

Það er skylda lögæzlumanna, hvort heldur eru lögregluþjónar eða næturverðir, að reyna að sporna við glæpum og afbrotum og leitast við að koma þeim upp. Svo ber þeim og að hafa vakandi auga á því, að almennum frið og reglu sé eigi raskað, og að breytt sé eptir þar að lútandi lagafyrirmælum og lögreglu~~fyrirmælum~~. skipunum

## 2. gr.

~~ávallt~~ Klæddir embættisbúningi, og

Lögregluþjónarnir skulu að öllum jafnaði (báðir) vera á umferð um bæinn frá kl. 11 f. hád. til kl. 10 e. hád. sinn í hvoru lagi, [og] þannig, að jafnan sé annarhvor þeirra staddur ~~[þó]~~ ~~[einhversstaðar]~~ í miðhluta bæjarins (kvosinni). Um aðrar götur bæjarins skulu þeir ganga til skiptis að minnsta kosti einu sinni á dag. Á morgnana frá kl. 7–11 ~~og á kveldin frá kl. 8–10~~ skal að jafnaði aðeins annar þeirra vera á umferð um bæinn til skiptis. Máltíðir mega þeir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Tilgi næturverðir matast, meðan þeir standa á götuverði, skulu þeir hafa mat sinn með sér.~~ —

[Næturverðirnir skulu, jafnan er þeir eru á verði, hafa umkenningshúfu á höfði og lögregluskjöld festan utan á yfirhöfn sinni.

~~Ekki mega næturverðir á varðtíma sínum, halda lengur kyrru fyrir að nauðsynlausu á sama stað en 5 minútur í senn, en aptur á mót skal lögreglumönnum heimilt að staldra við allt að 10 minútum, þar sem svo hagar til, að þeir sjái yfir stórt svæði í senn.~~ —

— Lúðvíksdóttir

eigi halda báðir í sömu og eigi tefjast lengur við það en tvær stundir alls á dag. [

Næturverðir skulu vera á umferð um bæinn frá kl. 10 á kveldin til kl. 7 á morgnana og skulu ávallt ganga tveir í hvern lagi, en þurfi annarhvor aðstoðar við, skal hann gjöra hinum viðvart með pípu sinni. [

Eigi má lögreglumaður fara af verði kvöld eða morgun fyrren annar hefur tekið við, og þeir hafa borið sig saman um það sem þurfa þykir. [

3. gr.

Verði maður sjúkur á götu eða á annan hátt ósjálfbjarga, skulu lögreglumenn koma honum heim til sín, eða útvega honum húsaskjól og nauðsynlega aðhlynningu. —

4. gr.

Heimild þá, er lögreglumönnum er veitt til að taka menn fasta, skulu þeir varast að nota að ófyrirsynju, og þegar þeir beita henni, forðast allar misþyrmingar. Að jafnaði skulu þeir eigi upp á sitt eindæmi taka menn fasta, nema þeir sjeu staðnir að glæp, eða líklegt sé að þeir muni reyna að skjóta sér undan ábyrgð fyrir lagabrot, eða beita framkvæmdum lögreglumanna ~~(megna)~~ mótspyrnu, eða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eða aðra til þess. Þegar maður er tekinn fastur, skal það tilkynnt lögreglustjóra svo fljótt sem kringumstæður leyfa. —

5. gr.

Verði háreysti eða ryskingar á almannafæri, skulu þeir stilla til friðar og ef þörf gjörist, taka þá seku fasta. Lögreglumönnum er heimilt, ef á þarf að halda, að kveðja sér til aðstoðar hvern þann, er þeir ná til, til þess að hindra lagabrot eða bæla niður óspektir eða mótþróa.

~~(6. gr.)~~ 7. gr.

Lögregluþjónar skulu gjöra sér far um, að kynna sér hag og ástæður þeirra manna, er setjast að hér í bænum, og hvort þeir hafi fengið nauðsynlegt leyfi til þess. —

~~(7. gr.)~~ 6. gr.

Beiðist húsráðandi aðstoðar ~~lögregluþjóns~~ til að stöðva áflog, illdeilur eða aðra óreglu í húsum sínum, er honum heimilt að fara þangað inn og stilla til friðar. —

8. gr.

Til viðhalds almennri reglu og hreinlætis á götum bæjarins

~~og næturvörðum~~

~~Ekki eru lögregluþjónar, lögverðir sérstaklega skyldir, að gegna lögreglustörfum fyrir kl. 7 á morgnana eða eftir kl. 10 á kveldin, né heldur næturverðir skyldir, að gæta sérstaklega löggæzlu lengur enn frá kl. 10 á kveldin til kl. 7 á morgnana. Smbr. 2. gr.~~ —

~~eða næturvarðar~~ —
Lögreglumann

~~skylt~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skulu lögregluþjónar sérstaklega gæta
þess, sem hér segir:

1, að líta eptir, að rusl og óþverri liggi ekki á götum og torgum bæjarins eða bæjarbryggjunni, að rennur séu hreinsaðar og borð yfir þeim í lagi.—

2, að eigi sé farið á skautum um götur bæjarins eða rennt sér á sleðum, þar sem bratti er, [og að stráð sé sandi eða ösku á stéttir í hálku.]

[~~ætti að falla í burtu, því það er~~ undir ~~umsjón veganefndarinnar~~].

3, að eigi sé látið eða skilið neitt eptir á götum bæjarins, er geti orðið til meins eða farartálma, að eigi sé riðið eða ekið eptir stéttum meðfram götum bæjarins, eða ~~hestar~~ gripir látnir standa þar eða farangur.—

gripir

4, að eigi sé riðið eða ekið hart um bæinn.—

5, að ekki sé slátrað skepnum á almannafæri, og hundar eigi látnir komast þar að.—

6, að ekki sé kastað grjóti snjó eða öðru, er tjón getur af hlotizt, ekki skotið úr byssum eða öðrum skottólum eða flugeldar hafðir um hönd, [

[~~aptra snjókasti, áflogum, ryskingum og yfir~~ höfuð allri ~~ósiðsemi og ólátum drengja á götum bæjarins~~]

7, að hneykslanleg ósiðsemi eigi sér ekki stað á almannafæri.—

8, að eigi sé farið illa eða miskunnarlaust með skepnur—

9, að eigi sé spillt almenningseign í bænum—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[þó skulu þeir, ef um nokkurn kostnað er að ræða, leita fyrst úrskurðar lögreglustjórans

10, að þeir til skiptis sèu viðstaddir
þegar guðsþjónusta er haldin
í dómkirkjunni, til að sjá
um að engin óregla eigi sèr
stað. —

Ef þrjóskast er við að færa burtu
af almannafæri það, sem er til
meins, óþrifa eða farartálma,
mega lögregluþjónar láta taka það
burtu á kostnað hlutaðeiganda. [

9. gr.

Lögregluþjónar skulu hafa nákvæm-
ar gætur á, að ólögleg sala eða veit-
ing áfengra drykkja, eða almennar
skemmtanir í heimildarleysi eigi
sèr ekki stað. —

10. gr.

Næturverðir skulu sèrstaklega
gæta þess:

1, að engin háreysti eða óspektir
eigi sèr stað, er raski friði eða
næði bæjarbúa [

[á ~~næturþeli~~
~~[bæjarins~~

2, að slökkt sè á götuljóskerum [
á ákveðnum tíma. —

3, að gjöra mönnum viðvart ef
dyr eða gluggar standa opnir [
að nóttu til [ —

~~[á húsum þeirra~~
~~ef næturvörður getur ekki lokað þeim sjálfur.~~

4, [að veitingahúsum sè lokað á
ákveðnum tíma (kl. 11½) og
gestir dvelji þar eigi lengur en
til kl. 12 á kveldin, og að eigi
sè þar háreysti eða óspektir. —

~~[að allri sölu á veitingahúsum sè lokað á hverju kveldi kl. 11½, og að þar sè lokað kl. 12 á kveldin, ennfremur, að gestir dvelji þar eigi lengur enn til þess lokað tíma að lokað er, og eigi sèu þar hafðar í frammi háreysti eða óspektir. óspektir eða háreysti. —~~

5, að gjöra mönnum viðvart í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

taka tíð, ef háski er búinn af eldi, vatni eða veðri. Komi eldur upp í híbýlum manna, ber þeim fyrst að vekja þá, og hefja síðan brunakall og að því búnu gjöra lögreglustjóra og slökkviliðsstjóra við vart.

6. að krefja þá sagna, sem eru á ferð á náttarþeli með einhverja muni, svo að tortryggilegt þyki, og veiti þeir eigi fullnægjandi andsvör, má taka þá fasta. —

Reykjavík 15. marz 1889

Halldór Daníelsson Ell. Jónassen

Björn Jensson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Frumvarp til lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkur-kaupstað

## I. kafli

### Um reglu og velsæmi á götum

1. gr.

Uppþot eða mannsöfnuður, sem raskar reglu eða tálmar umferð á götu, vegi eða svæði, sem eru til almennings afnota, má ekki eiga sér stað.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á götum, vegum eða svæðum sem almenningur fer um, svo og við kirkjudyr og annara húsa, þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sér eptir fyrirmælum lögregluliðsins til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á alfara-vegi, stræti eða svæði má eigi fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt, eða hafa annan hávaða eða ofsalegt og móðgandi háttalag, sem raskar allsherjar reglu eða ónáðar þá sem um fara eða nálægt búa.

4. gr.

Enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem ónáðar húsbúendur.

5. gr.

Á götu stræti eða svæði sem almenningur fer um, má eigi leika knatt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-leik, sinnaleik(?), klink, ekki gjöra renni- (renna sér á skautum né sleðum)
brautir eða hafa aðrar skemmtanir,
sem tálma umferðinni

6. gr.

Á eða yfir götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, má eigi skjóta með byssum, skambyssum, lyklabyssum, örvarbogum eða öðrum skotvopnum, ekki kveikja í púðri, skoteldum eða neinskonar sprengiefnum öðrum og eigi kasta eða fleygja frá sér steinum, glerbrotum, snjókökkum, óhreinindum, vatni eða neinu öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum fyrir þá, er um slíka staði fara.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri eða í búningi sem misbýður velsæmi, eða getur raskað allsherjar reglu. Sömuleiðis er bannað á almannafæri að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t. a. m. með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gjöra þarfir sínar á hneykslanlegan hátt o. fl.

Þeir, sem sannaðir(?) ósjálfbjarga fyrir drykkjuskap á götu, stræti eða torgi, eða annarstaðar á eða við almannafæri, skulu sæta sektum eptir þessari samþ.

8. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins eða annarstaðar svo nálægt landi, að hneyksli valdi, eigi heldur nálægt skipum er á höfninni liggja.

9. gr. Hver sá, er staddur er á almannafæri, er skyldur at segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglumenn krefjast þess. —

10. gr. Lögreglumenn geta krafið sér til aðstoðar sérhvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til að afstýra óspektum og annari óreglu á almannafæri, og hepta þá er slíku valda, og varðar það sekt samkvæmt samþykkt þessari, ef slíkri áskorun er eigi [illegible]

II kafli

Ákvarðanir til að afstýra tálm-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

unum og hættu fyrir umferðina

9. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins

10. gr.

Án leyfis lögreglustjórans, má enginn setjast að á götu, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, til að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og sé slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, sem leyfið tiltekur. Án leyfis hlutaðeiganda húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húsriðum, í garðshliðum eða á öðrum stöðum, þar sem um er gengið í hús eða húslóðir

11. gr.

Stéttir meðfram ~~húsum~~ skulu eingöngu ætlaðar fyrir gangandi menn, þar má eigi fara með sleða, hjólbörur, vagna né önnur aktól, nema barnavagna og þar má eigi bera, draga, velta eða á annan hátt fara með sér fyrirferðarmikla hluti, svo sem timbur, hey eða hrís eða annað, sem gjörir umferðina ógreiða. – Ljái, gaddhrífur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotizt af, má aðeins flytja eptir götunni sjálfri og skal varlega með þá fara.

H götum

12. gr.

Á götum, strætum, stittum, torgum eða annarsstaðar á almannafæri má eigi leggja eða setja neitt það sem tálmar umferðinni, þó mega þeir sem flytja að sér vörur, eldivið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hey eða annað, og eigi geta komið það frá sér á eigin lóð, leggja þessa hluti frá sér á torginu og götunni meðan á flutningunum stendur, en ávallt skulu þeir lagðir svo, að þeir gjöri sem minnstan farartálma. Vagnar, hjólbörur og sleðar mega eigi standa á götunni eða strætinu, lengur en nauðsynlegt er, til að fylla þá og tæma, en aldrei mega þeir standa á stéttinni.

13. gr.

Á götunni, strætinu eða torginu sem almenningur fer um, má eigi vinna neina vinnu, er tálmar umferð manna eða gjörir hana hættulega, t. a. m. telgja við, höggva grjót, járna hesta eða þvíumlíkt. Á götunni eða strætinu má eigi heldur hrista gólfteppi, viðra sængurföt eða hengja föt til þerris eða annað þess konar.

14. gr.

Enginn má, án leyfis lögreglustjórnarinnar, hengja vöruskápa, gluggaskýlur, né annað þess konar utan á hús, þeim megin, sem að strætinu veit eða torginu, eigi heldur setja eða láta standa í opnum gluggum sem vita að torginu eða strætinu neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður.

15. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeig-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

endum er skylt að annast um að
tilhlýðilegt eptirlit sé haft með ó-
sjálfbjarga börnum, sem eru á þeirra
vegum, meðan þau eru á götunum eða
annarsstaðar á almannafæri.

16. gr.

Lögreglustjóri getur, ef nauðsynlegt
þykir, skipað fyrir, hvernig haga
skuli umferðinni, meðan stendur á
viðgjörð við götur. –

17. gr.

Þegar hús eru byggð af nýju eða
eldri hús rifin og byggð upp að
nokkru eða öllu leyti, skal eig-
andanum, ef húsið liggur við götu
stræti eða svæði, sem almenningur
fer um, skylt að skýra lögregl-
ustjóra frá, áður en verkið byrjar
og haga sér eptir þeim fyrirmæl-
um, sem hann setur til að af-
stýra farartálma, eða hættu og
óþægindum fyrir vegfarendur.
Verkfæri og verkefni má eigi
leggja frá sér á almannafæri,
nema þar sem lögreglustjórinn
leyfir og þá skal það eigi látið
liggja þar lengur, en nauðsyn
krefur. Mold, möl, leifar af
verkefni og annað er af byggingu-
unni stafar, skal eigandinn færa
burtu, þegar húsgjörðinni er svo
langt komið, að því verði við komið.

~~[illegible]~~

18. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður
þesskonar sem notaður er við
húsasmíðar og aðrar byggingar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eða viðgjörðir á húsinu skal vera nægilega traustur, og þeir sem nota hann, skulu vera duglegir og áreiðanlegir menn. Lausir stigar, sem notaðir eru við endurbætur á húsinu, málningu, gluggaþvott eða þesskonar, skulu vera forsvaranlega traustir og sjálfkarmir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 6 al. langur.

Brot gegn þessari grein eru á ábyrgð þess, er verkið annast, eða, ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseigandans.

19. gr.

Nú er hús eða hluti af húsi svo hrörlegt, að hætta er búin að það hrynji eða falli niður, og getur lögreglustjórinn þá bannað að nota húsið, og lagt fyrir eigandann innan tiltekins tíma, að láta gjöra slíkar endurbætur á því, sem nauðsynlegar eru til að afstýra hættu; auk þess getur lögreglustjórinn á kostnað eigandans gjört aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til, að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra.

Sama er og þegar steinvegg, trévegg eða annari girðingu, liggur við hruni eða falli. —

20. gr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lyftivélar og sigvélar

Áhöld öll sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, sem liggja á almannafæri, skulu vera nægilega traust, og þeir sem nota þau skulu vera æfðir menn og áreiðanlegir.

21. gr.

Nú gengur kjallaragangurinn út að stétt eða götu og lengra fram en húshliðin, og skal þá kjallaraopið vera lukt með hlemm eða hlera frá því dimmt er á kvöldin unz bjart verður á morgnana, nema opið sé nægilega afgirt með grindum leggja vegna.

22. gr.

Þegar ís er á tjörninni, má enginn höggva göt eða vakir á hann án leyfis lögreglustjórans ⅃

III. kafli

Um reið og akstur á götunum og rekstur gripa og fénaðar o. fl.

23. gr.

Þeir sem ríða eða aka um göturnar skulu við hafa tilhlýðilega aðgæzlu, einkum er þeir fara fyrir götuhorn eða fram úr garðshliðum. Á götum, torgum og annarsstaðar á almannafæri, má eigi ríða harðara en á hægu brokki, og skulu þeir sem ríða eða aka, ef þörf gjörist, í tíma gjöra viðvart mönnum, sem á undan þeim gánga.

⅃ 23. gr.

Í höfninni (frá svæði, sem sjór fellur yfir í stórstraumi) má eigi kasta út úr skipi seglfestu-grjót, né neitt annað það, er tjóni getur valdið skipum, er þar lenda eða leggjast.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á stéttinni má enginn ríða eða aka.

~~24. gr.~~
~~Hestamenn og aðrir ferðamenn mega eigi binda hesta sína eða láta þá standa á götum bæjarins eða stéttum. Með áburðarhesta skal eigi hafa lengri viðdvöl á~~

þegar hestinn er beitt fyrir sleða, skal festa við þá hæfilegar bjöllur, svo að til þeirra heyrist í takan tíma

24. gr.

Hestamenn og aðrir ferðamenn mega eigi binda hesta sína eða láta þá standa á götum bæjarins eða stéttum. Með áburðarhesta skal eigi hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er, til að taka ofan eða láta upp klyfjar.

25. gr.

Bæjarmenn mega eigi láta hesta sína ganga lausa á götum bæjarins frekar en nauðsynlegt er til að hleypa þeim í fjöru eða til vatns; fælnir og slægir hestar mega alls eigi ganga lausir, né heldur þeir hestar, er leika sér eða fara á hlaupum um göturnar. Frá 15. apríl á vorin, til þess er hestar eru teknir úr haga á haustin, má alls enginn hestur ganga laus um bæinn ~~án leyfis lögreglustjórans~~. H T.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26. gr.

Sauðfénaður bæjarmanna má eigi ganga laus um bæinn frekara en nauðsynlegt er, til að reka hann út og í haga eða fjörð eða til vatns og skulu allir koma fénaði sínum burtu úr bænum ekki seinna en
Lovuggi 1. maí, nema þeir hafi hann í vörzlu.

27. gr.

Naut sem farið eru til bæjarins skulu ávallt leidd í bandi nægilega trausta og tveir fullorðnir karlmenn að minnsta kosti fylgi hverju nauti.

28. gr.

Um hrossarekstra og sauðfjárrekstra, sem reknir eru til bæjarins til útflutnings eða slátrunar, getur lögreglustjórinn gjört þar fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur. —

## IV. kafli

### Um hunda. —

29. gr.

Hunda þá sem grimmir eru eða hafa þann vana að ónáða menn og hræða ~~menn~~ með gleypsi, urri, eða gelti, ber ~~getur lögreglustjórinn bjóða~~ eigandanum að binda eða mýla forsvaranlega, að viðlagðri hegningarábyrgð.

H ber

30. gr.

Engin má siga hundi á mann eða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

láta fyrirfarast að aptra hundi sín-
um, þegar hann verður var við, að
hann ræðst á menn. Hver sem brýt-
ur á móti þessu er hegningarverður,
þó að ekkert tjón hafi hlotizt
af háttalagi hans.

31. gr.

Flækingshundar, - en þar til telj-
ast allir hundar, sem ekki eru eign
eða á vegum bæjarmanna - getur
lögreglustjórinn látið handsama
og auglýsa, og ef eigandinn gefur
sig eigi fram innan 3 sólarhringa
og greiðir áfallinn kostnað, má
drepa slíka hunda. Sama er
um hunda sem raska svefnfriði
manna með gelti og spangóli á
næturþeli.

32. gr.

Nú vill einhver halda grimma
hunda til vörzlu á tilteknu svæði,
og skal hann þá skýra lög-
reglustjóranum frá því. Svæði það,
er slíkir hundar eru hafðir á, skal
vera svo traustlega girt og lokað,
að hundurinn komizt eigi út, og
ávallt skal þar á staðnum
vera uppfest greinileg auglýsing
að vörzluhundur sé þar haldinn
og á hverjum tíma hann sé laus.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## V. kafli

### Um friðun almenningseigna o.fl.

33. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almennra afnota eða til prýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, götuljósker, nafna- og töluspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þess háttar má enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða saurga, rita, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá, og þetta síðara á einnig við um þann hluta af húsum, múr- og trégirðingum sem liggur á almannafæri.

34. gr.

Enginn má klifra uppá eða yfir eða skemma girðingar, er settar eru fram með götum strætum eða svæðum, sem liggja á almannafæri.

35. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sér stað; tré eða jurtir, sem gróðursett eru á grafreitnum eða á leiðum, má enginn rífa upp eða fara burtu, né spilla eða saurga grafreitina á nokkurn hátt. Skepnum má eigi beita í kirkjugarðinum. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## VI. kafli

### Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

#### 36. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götunum og lætur festa upp nafnaspjöld eða mála nöfnin á götuhornunum, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldin sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

#### 37. gr.

Bæjarstjórnin ákveður hvar uppfesta skuli auglýsingar frá yfirvaldinu og öðrum stjórnarvöldum, og skal á kostnað bæjarsjóðs útvega spjöld í því skyni svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva, sýningar og aðrar skemtanir, sem leyft er að halda má festa upp hvar sem vill með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

Aðrar auglýsingar má eigi festa upp nema með leyfi hlutaðeigandi ~~da~~ húsráðanda og lögreglustjórnarinnar; þó eru undan-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeirrar auglýsingar, er snerta húsið sjálft eða íbúa þess.

38. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar, má enginn rífa niður, saurga eða gjöra ólæsilegar á annan hátt.

## VII. kafli
## Um veitingahús, skemmtistaði og almennar skemmtanir.

39. gr.

Hverjum þeim, er hefur um hönd veitingasölu, matar eða drykkjufanga, er skylt að gjöra það sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram á veitingastofu hans, sem er á móti góðri reglu og velsæmi.

áfengra eða óáfengra

40. gr.

Á almennum veitingastað má enginn gjörast sekur í ofsalegu atferli eða háreysti, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ~~eða~~ ónæði af eða óskunda, þar má eigi heldur sína af sér ósæmilega eða hneykslanlega hegðun.

41. gr.

Unglingum yngri en 16 vetra má eigi selja eða veita áfenga drykki

42. gr.

Veitingahúsum öllum, þar sem áfengir drykkir eru seldir, skal

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lokað kl. 11½ á kveldin, og allir gestir,
sem eigi hafa þar náttstað, skulu
fara út ekki seinna en kl. 12 á mið-
nætti; þó má selja ferðamönnum
greiða á hverjum tíma sem er og heim-
ilt skal félögum sem lögreglu-
stjórinn þekkir, að halda sam-
kvæmi og danzleiki eða aðrar
skemmtanir á veitingahúsum,
ef eigi taka aðrir þátt í því en
félagsmenn eða gestir þeirra.
Ennfremur mega brúðkaups og
önnur boð standa fram yfir
hinn tiltekna tíma

43. gr.

Enginn má halda opinbera sjón-
leiki [fyrir borgun] án leyfis lands-
höfðingjans. Leyfi til að halda
sjónleiki [í velgjörða skyni eða    [borgunarlaust eða
til að styrkja fyrirtæki í al-
mennings þarfir getur lögreglu-
stjórinn veitt

44. gr.

Án leyfis lögreglustjórnarinnar
má enginn [~~fyrir borgun~~] halda    [ ] C
opinbera samsöngva eða aðra
söngskemmtanir eigi heldur
danzleiki, ekki kveikja skot-
elda ~~og eigi~~ eða [ganga með logandi
ljós og ekki sýna dýr, myndir
eða íþróttir. „Bazar" eða tombólu
má eigi halda án leyfis lands-
höfðingjans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

45. gr.

Eins og það er vitaskuld, að hús-eigendur eða húsráðendur geta bannað, að sá sem leyfi hefur fengið til að halda skemmtanir samkvæmt 46. gr. og 47. gr. noti það á þeirri lóð, svo er hverjum einum, er sjúklinga hefur á heimili sínu eða af öðrum gildum ástæðum, heimilt að krefjist, að engar almennar skemmtanir, er háreysti er að, sé haldar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotist.

VIII. kafli

Um almennt hreinlæti og þrifnað.

46. gr.

Á götum, strætum og svæðum, er almenningur fer um, má enginn fleygja frá sér hræjum, rusli, skolpi né öðrum óhreinindum frá húsum. Eigi heldur má fleygja í lækinn eða tjörnina neinu af því, sem talið er í þessari grein, nema skolpi. Í rennur má eigi kasta neinu því er óhollusta er að eða stíflað getur vatnsrásina. [~~Í tjörnina má eigi fleygja fiskislori, ösku eða mold og öðrum óhreinindum ofan um ís, í flæðarmál um hálffallinn sjó.~~]

[] Sorpi, slori, ösku eða öðrum óhreinindum má eigi kasta í tjörnina, né skilja þar eptir neitt það, er valdið getur óhreinlæti eða óheilnæmi. Skyldur er hver húseigandi við helztu götur bæjarins til að láta sópa allan lausa-hrata af götunni fyrir sinni lóð.

47. gr.

Hey, þang, mó, mold, áburð eða annað þesskonar, sem slæðist eða hrynur niður við flutning um götur, stræti eða svæði, sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

almenningur fer um, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa upp samdægurs. Annars eiga kláfar og önnur ílát, sem áburður er fluttur í, vera svo þétt og eigi fyllri en svo, að ekki hrynji úr þeim á meðan á flutningnum stendur.

48. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða þvíuml. má eigi hafa í nánd við götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, nema á steinlímdum gryfjum og nægilega byrgðum, og skal þó til þess hafa leyfi heilbrigðisnefndarinnar

49. gr.

Hjá vatnsbólum bæjarins og í nánd við þau, skulu menn gæta þrifnaðar og hreinlætis svo sem framast er unnt. Fatnað, ílát eða annað, má eigi þvo við vatnsbólin. Salerni, sorphauga, áburðarhauga, forargryfjur eða þesskonar má eigi hafa nær vatnsbóli en heilbrigðisnefndin leyfir. Fisk má eigi slægja við vatnsból.

50. gr.

Á húshliðum, göflum, sem vita að götum, strætum eða torgum má eigi hengja, negla eða festa á annan hátt neins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

konar fiskifang sé annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur, og eigi má heldur hafa fiskitrönur við almannafæri. Lifrarbræðslu og aðra vinnu, sem óþrifnaði veldur eða óhollustu má eigi hafa á öðrum stöðum en þeim, sem heilbrigðisnefndin ákveður. Áburð úr salernum má eigi bera á tún, sem liggja í sjálfum bænum, eða á þann hluta af öðrum túnum, sem veit að almannafæri

51. gr.

Bæjarstjórnin tekur að sér að láta hreinsa salerni bæjarins, gegn endurgjaldi frá húsráðendum. Slík hreinsun skal fram fara á næturnar frá kl. 12-5 á sumrum og frá kl. 10 til kl. 6 á veturna. Saurindi úr salernum má enginn kasta í tjörnina, né fjörurnar eða sjóinn, en það skal látið í byggðar gryfjur fyrir utan bæinn, þar sem heilbrigðisnefndin ákveður.

Þó skal það eigi vera bannað túneigendum sem vilja nota áburð úr salernum, að annast sjálfir hreinsunina, að því er þeirra hús snertir. En skyldir eru þeir að öðru leyti að haga sér eptir fyrirmælum þessarar greinar.

52. gr.

Á eða við almannafæri má

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eigi slátra skepnum. Það er bannað, hvernig sem ástendur, að láta börnin koma á blóðvöllinn, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot á banni þessu varða álögð hlutaðeigandi lóðareiganda. — Þess skal ávallt gætt að láta eigi sauðkindur ~~[illegible]~~ horfa uppá, meðan skorið er.

## IX. kafli

### Um staðgildi Samþykktarinnar l o.fl.

l. hegningarákvæði, kostnað

#### 53. gr.

Samþykkt þessi skal því aðeins beitt í úthverfum kaupstaðarins, að það þyki við eiga, eða því verði við komið

#### 54. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 kr. Börn eldri en 10 ára og yngri en 15 ára, skulu sæta vandarhöggum, ef þau hafa áður gjört sig sek í þessum brotum, eða gjört eitthvað, sem ber vott um einstaka ónáttúru, þó eigi fleiri vandarhöggum en 15 eða sæta einföldu fangelsi allt að 8 dögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn drýgir, skorti af á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem barninu ganga í foreldra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stad, þá skal refsa þeim fyrir
yfirsjónina en eigi barninu.

55. gr.

Ef einhver g lætur þad ógjört, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjórinn láta gjöra þetta, eda gjöra naudsynlegar rádstafanir til ad hindra, ad vanrækslan valdi tjóni. Kostnadur vid þetta og kostnadur, sem leidir af þeim rádstöfunum, sem lögreglustjórinn gjörir til þess ad hindra brot gegn því, sem bannad er í samþykktinni, greidist af afbrotamanninum, eda, ef hann er eigi fær um þad, af bæjarsjódi.

56. gr.

Allur kostnadur, sem leidir af framkvæmd á samþykkt þessari, og eigi verdur krafinn af einstökum mönnum, greidist úr bæjarsjódi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ssf 351

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

D. 556-90.

# Frumvarp
til
# lögreglusamþykktar
fyrir
# Reykjavíkurkaupstað.

## I. Kafli
## Um reglu og velsæmi á götum.

1. gr.

Uppþot eða mannsöfnuður, sem raskar reglu eða tálmar umferð á götu, veg eða svæði, sem eru til almenningsafnota, má ekki eiga sér stað.—

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á götum, vegum eða svæðum, sem almenningur fer um, svo og við kirkjudyr og annara húsa, þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sér eptir fyrirmælum lögregluliðsins til að varðveita góða reglu.—

3. gr.

Á alfaravegi, stræti eða svæði, má eigi fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt, eða hafa annan hávaða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eða ofsalegt og móðgandi háttalag, sem raskar allsherjar reglu, eða ónáðar þá, sem um fara eða nálægt búa.—

4. gr.

Enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem ónáðar húsbúendur.—

5. gr.

Á götu, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, má eigi leika knattleik, pinnaleik, klink, ~~eða~~ ekki gjöra rennibrautir, renna sér á skautum nje sleðum, eða hafa aðrar skemmtanir, sem tálma umferðinni.—

6. gr.

Á eða yfir götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, má eigi skjóta með byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum, ekki kveykja í púðri, skoteldum eða neins konar sprengiefnum öðrum, og eigi kasta eða fleygja frá sér steinum, glerbrotum, snjókökkum, óhreinindum, vatni eða neinu öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum fyrir þá, er um slíka staði fara.—

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri eða í búningi, sem misbýður velsæmi eða getur raskað alsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað á almannafæri að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t. a. m. með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gjöra þarfir sínar á hneykslanlegan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hátt, o. fl. Þeir sem finnast ósjálfbjarga fyrir drykkjuskap á götu, svæði eða torgi, eða annarstaðar á eða við almannafæri, skulu sæta sektum eptir samþykkt þessari. —

8. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins eða annarstaðar, svo nálægt landi að hneyksli valdi, eigi heldur nálægt skipum, sem á höfninni liggja.

9. gr.

Hver sá, er staddur er á almannafæri, er skyldur til að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglumenn krefjast þess. —

10. gr.

NB (Lögreglumenn geta krafið sér til aðstoðar sérhvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til að afstýra óspektum og annari óreglu á almannafæri, og hepta þá, er slíku valda, og varðar það sekt samkvæmt samþykkt þessari, ef slíkri áskorun er ekki sint.)

## II. Kafli

### Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættu fyrir umferðina. —

11. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins. —

12. gr.

Án leyfis lögreglustjórans má enginn setjast að á götu, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, til að selja vörur, eða reka aðra atvinnu, og sé slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, sem leyfið tiltekur. Án

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leyfis hlutadeigandi húsrádanda, má enginn láta fyrirberast á húsridum, í gardshlidum eda á ödrum stödum, sem um er gengid í hús eda á húslódir. —

13. gr.

Stéttir medfram götum skulu eingöngu ætladar fyrir gangandi menn; þar má eigi fara med sleda, hjólbörur, vagna né önnur aktól, nema barnavagna, og þar má eigi bera, draga, velta eda á annan hátt fœra med sér fyrirferdarmikla hluti, svo sem tunnur, hey, hrís eda annad, sem gjörir umferdina ógreida. Ljái, gaddhrífur, skotvopn og adra hluti, sem tjón getur hlotizt af, má (adeins) flytja eptir götunni sjálfri, og skal varlega med þá fara. —

14. gr.

Á götum, strætum, stéttum, torgum eda annarstadar á almannafæri má eigi leggja eda setja neitt þad, sem tálmar umferdinni; þó mega þeir, sem flytja ad sér vörur, eldivid, hey eda annad, og eigi geta lagt þad frá sér á eigin lód, leggja þessa hluti frá sér á torgum og götum medan á flutningnum stendur; en avallt skulu þeir lagdir svo, ad þeir gjöri sem minnstan farartálma. — Vagnar, hjólbörur og sledar mega eigi standa á götum lengur en naudsynlegt er til ad fylla þá og tœma, en aldrei mega þeir standa á stéttum. —

15. gr.

Á götum, strætum eda torgum, sem almenningur fer um, má eigi vinna neina vinnu, er tálmar umferd manna, eda gjörir hana hættulega, t. a. m. telgja vid, höggva grjót, járna hesta eda því um líkt. Á götum

eða strætum má eigi heldur hrista gólfteppi, viðra sængurföt, eða hengja föt til þerris eða annað þess konar. —

16. gr.

Enginn má án leyfis lögreglustjórnarinnar hengja vöruskápa, gluggaskýlur né annað þess konar utan á hús þeim megin, sem að strætum veit eða torgum, eigi heldur setja eða láta standa í opnum gluggum, sem vita að strætum eða torgum, neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður. —

17. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eptirlit sé haft með ósjálfbjarga börnum, sem eru á þeirra vegum, meðan þau eru á götunum eða annarsstaðar á almannafæri. —

18. gr.

Lögreglustjóri getur, ef nauðsynlegt þykir, skipað fyrir, hvernig hagað skuli umferðinni, meðan stendur á viðgjörð við götur. —

19. gr.

Þegar hús eru byggð af nýju, eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og haga sér eptir þeim fyrirmælum, sem hann setur til að afstýra farartálma, eða hættu og óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má eigi leggja frá sér á almannafæri, nema þar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem lögreglustjórinn leyfir, og skal það eigi látið liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leyfar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, þegar húsgjörðinni er svo langt komið, að því verði við komið. —

20. gr.

Pallar, staðir og annar umbúnaður þesskonar, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar byggingar, eða viðgjörðir á húsum, skal vera nægilega traustur, og þeir, sem nota hann, skulu vera duglegir og áreiðanlegir menn. Lausir stigar, sem notaðir eru við endurbætur á húsum, málningu, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera forsvaranlega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 6 álna langur. —

Brot gegn þessari grein eru á ábyrgð þess, er verkið annast, eða, ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseigandans. —

21. gr.

Nú er hús eða hluti af húsi svo hrörlegt, að hætta er búin að það hrynji eða falli niður, og getur lögreglustjórinn þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann innan tiltekins tíma, að láta gjöra slíkar endurbætur á því, sem nauðsynlegar eru til að afstýra hættu; auk þess getur lögreglustjórinn á kostnað eigandans gjört aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. —

Sama er og, þegar steinvegg, trévegg eða annari

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

girdingu liggur vid hruni eda falli.—

22. gr.

Áhöld öll, sem notud eru til ad hefja upp eda renna nidur vörum eda ödru úr húsum, sem liggja á almanna færi, skulu vera nægilega traust, og þeir sem nota þau, skulu vera æfdir menn og áreidanlegir.—

23. gr.

Nú gengur kjallaragangid út ad stétt eda götu og lengra fram en húshlidin, og skal þá kjallaraopid vera byrgt med hlemmi eda hlera frá því dimmt er á kvöldin unz bjart verdur á morgnana, nema opid sé nægilega afgirt med grindum beggja vegna.—

24. gr.

Þegar ís er á tjörninni, má enginn höggva göt eda vakir á hann án leyfis lögreglustjórans.—

25. gr.

Í fjörunni má eigi kasta út né skilja eptir seglfestugrjót, né neitt annad það, er tjóni getur valdid skipum, er þar lenda eda leggjast.—

## III. Kafli.

### Um reid og akstur á götunum, rekstur gripa og fénadar o.fl.

26. gr.

Þeir sem ríða eda aka um göturnar, skulu vidhafa tilhlýdilega adgætni, einkum er þeir fara fyrir götuhorn eda fram úr gardshlidum. Á götum, torgum og annarsstadar á almanna færi má eigi ríða hardara en á hægu brokki, og skulu þeir, sem ríða eda aka, ef þörf gjörist, í tækan tíma gjöra vidvart mönnum, sem á undan þeim ganga. Á stéttum má enginn ríða eda aka.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þegar hestum er beitt fyrir sleða, skal festa við þá hæfilegar bjöllur, svo að til þeirra heyrist í tækan tíma. —

27. gr.

Lestamenn og aðrir ferðamenn mega eigi binda hesta sína, eða láta þá standa á götum bæjarins eða stéttum. Með áburðarhesta skal eigi hafa lengri viðdvöl á götum en nauðsynlegt er, til að taka ofan eða láta upp klyfjar.

28. gr.

Bæjarmenn mega ekki láta hesta sína ganga lausa á götum bæjarins frekar en nauðsynlegt er til að hleypa þeim í fjöru eða til vatns; fælnir og slægir hestar mega alls eigi ganga lausir, né heldur þeir hestar, er leika sér eða fara á hlaupum um göturnar. Frá 15. apríl á vorin til þess er hestar eru teknir úr haga á haustin má alls enginn hestur ganga laus um bæinn. —

29. gr.

Sauðfénaður bæjarmanna má eigi ganga laus um bæinn frekara en nauðsynlegt er, til að reka hann úr og í haga eða fjöru eða til vatns, (og skulu allir koma fénaði sínum burtu úr bænum ekki seinna en 1. maí, nema þeir hafi hann í öruggri vörzlu.) —

30. gr. —

Naut, sem færð eru til bæjarins, skulu ávallt leidd í bandi nægilega traustu og tveir fullorðnir karlmenn að minnstakosti fylgja hverju nauti. —

31. gr.

Um hrossarekstra og sauðfjárrekstra, sem reknir eru til bæjarins til útflutnings eða slátrunar, getur lögreglustjórinn gjört þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## IV. Kafli.
## Um hunda.

32. gr.

Hunda þá, sem grimmir eru, eða hafa þann vana að ónáða menn og hræða með glepsi, urri eða gelti, ber eigandanum að binda eða mýla forsvaranlega að viðlagðri hegningarábyrgð. —

33. gr.

Enginn má siga hundi á mann né láta farast fyrir að aptra hundi sínum, þegar hann verður var við að hann ræðst á menn. Hver sem brýtur á móti þessu er hegningarverður, þó að ekkert tjón hafi hlotizt af háttalagi hans. —

34. gr.

Flækingshundar, — en þar til teljast allir hundar, sem ekki eru eign eða á vegum bæjarmanna, — getur lögreglustjórinn látið handsama og auglýsa, og ef eigandinn gefur sig eigi fram innan 3. sólarhringa og greiðir áfallinn kostnað, má drepa slíka hunda. Sama er um hunda, sem raska svefnfriði manna með gelti og spangóli á næturþeli. —

35. gr.

Nú vill einhver halda grimma hunda til vörzlu á tilteknu svæði og skal hann þá skýra lögreglustjóranum frá því. Svæði það, er slíkir hundar eru hafðir á, skal vera svo traustlega girt og lokað, að hundurinn komizt eigi út, og ávallt skal þar á staðnum vera uppfest greinileg auglýsing um að vörzluhundur sé þar haldinn og á hverjum tíma hann sé laus. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# V. Kafli.

## Um friðun almennings eigna o. fl.

36. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almennra afnota, eða til prýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, götuljósker, nafna- og tölu-spjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þess háttar, má enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða saurga, rita, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá, og þetta síðara á einnig við um þann hluta af húsum, múr- og trégirðingum, sem liggur á almannafæri. —

37. gr.

Enginn má klifra upp á eða yfir eða skemma girðingar, er settar eru fram með götum, strætum eða svæðum, sem liggja á almannafæri. —

38. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sér stað; trè eða jurtir, sem gróðursett eru á grafreitum eða leiðum, má enginn rífa upp eða færa burtu, nè spilla eða saurga grafreitina á nokkurn hátt. Skepnum má eigi beita í kirkjugarðinum. —

# VI. Kafli.

## Um götuspjöld, húsnumer og uppfestar auglýsingar.

39. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld, eða mála nöfnin á götuhornin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.—

40. gr.

Bæjarstjórnin ákveður, hvar uppfesta skuli auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum og skal á kostnað bæjarsjóðs útvega spjöld í því skyni svo mörg sem þurfa þykir.—

Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva, sýningar og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem vill með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.—

Aðrar auglýsingar má eigi festa upp, nema með leyfi hlutaðeigandi húsráðanda og lögreglustjórnarinnar. Þó eru undanþegnar auglýsingar, er snerta húsið sjálft eða íbúa þess.—

41. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gjöra ólæsilegar á annan hátt.—

## VII. Kafli

## Um veitingahús, skemmtistaði og almennar skemmtanir.—

42. gr.

Hverjum þeim, er hefur um hönd veitingasölu matar eða drykkjarfanga, áfengra eða óáfengra, er skylt að gjöra það, sem í hans valdi stendur til að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

afstýra því, að neitt það fari fram á veitinga stofu hans, sem er á móti góðri reglu og velsæmi.

43. gr.

Á almennum veitingastað má enginn gjörast sekur í ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af eða óskunda, þar má eigi heldur sýna af sér ósæmilega eða hneykslanlega hegðun

44. gr.

Unglingum yngri en 16 vetra má eigi selja eða veita áfenga drykki. —

45. gr.

Veitingahúsum öllum, þarsem áfengir drykkir eru seldir, (skal lokað) kl. 11½ á kveldin, og allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu fara út ekki seinna en kl. 12 á miðnætti, þó má selja ferðamönnum greiða á hverjum tíma sem er, og heimilt skal félögum, sem lögreglustjórinn þekkir, að halda samkvæmi og dansleiki eða aðrar skemmtanir á veitingahúsum, ef eigi taka aðrir þátt í því, en félagsmenn eða gestir þeirra. — Enn fremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma. —

[Margin: skulu vera lokuð frá / til kl. 6 á morgnana / 8 / fram yfir miðnætti]

46. gr.

Enginn má halda opinbera sjónleiki fyrir borgun án leyfis landshöfðingjans. Leyfi til að halda sjónleiki borgunarlaust eða í velgjörðaskyni eða til að styrkja fyrirtæki í almenningsþarfir getur lögreglustjórinn veitt. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

47. gr.

Án leyfis lögreglustjórnarinnar má enginn halda opinbera samsöngva eða aðrar söngskemmtanir eigi heldur dansleiki, ekki kveikja skotelda, eða ganga með logandi blys og ekki sýna dýr, myndir eða íþróttir. „Bazar“ eða „tombólu“ má eigi halda án leyfis landshöfðingjans. –

48. gr.

Eins og það er vitaskuld, að húseigendur eða húsráðendur geta bannað, að sá sem leyfi hefur fengið til að halda skemmtanir samkvæmt 46. og 47. gr. noti það á þeirra lóð, svo er hverjum einum, er sjúklinga hefur á heimili sínu, eða af öðrum gildum ástæðum heimilt að krefjast, að engar almennar skemtanir, er háreysti er með, sé hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotist. –

## VIII. Kafli.

### Um almennt hreinlæti og þrifnað. –

49. gr.

Á götum, strætum og svæðum, er almenningur fer um, má enginn fleygja frá sér hræðum, rusli, skólpi, né öðrum óhreinindum frá húsum. Eigi heldur má fleygja í lækinn eða tjörnina neinu af því, sem talið er í þessari grein, nema skólpi. Í rennur má eigi kasta neinu því, er óhollusta er að, eða stíflað getur vatnsrásina. Sorpi, slori, ösku eða öðrum óhreinindum má eigi kasta í fjöruna, né skilja þar eptir neitt það, er valdið getur óhreinlæti eða óheilnæmi. (Skyldur er hver húseigandi við helztu götur bæjarins til að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

láta sópa allan lausa-hroða af götunni fyrir sinni lóð.)

50. gr.

Hey, þang, mó, mold, áburð eða annað þess konar, sem slæðist eða hrynur niður við flutning um götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa upp samdægurs. Annars eiga kláfar eða önnur ílát, sem áburður er fluttur í, að vera svo þéttir og eigi fyllri en svo, að ekki hrynji úr þeim meðan á flutningnum stendur. —

51. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt, má eigi hafa í nánd við götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, nema í steinlímdum gryfjum og nægilega byrgðum, og skal þó hafa til þess leyfi heilbrygðisnefndarinnar. —

52. gr.

Hjá vatnsbólum bæjarins og í nánd við þau skulu menn gæta þrifnaðar og hreinlætis svo sem framast er unnt. Fatnað ílát eða annað má eigi þvo við vatnsbólin. Salerni, sorphauga, áburðarhauga, forargryfjur eða þess konar má eigi hafa nær vatnsbóli, en heilbrygðisnefndin leyfir. Fisk má eigi slægja við vatnsból. —

53. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götum, strætum eða torgum, má eigi hengja, negla eða festa á annan hátt neinskonar fiskifang, né annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur, og eigi má heldur hafa fiskitrönur við almannafæri. Lifrarbræðslu og aðra vinnu, sem óþrifnaði veldur eða óhollustu, má eigi hafa á öðrum stöðum en þeim, sem heilbrygðisnefndin ákveður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Áburð úr salernum má eigi bera á tún, sem liggja í sjálfum bænum, eða á þann hluta af öðrum túnum, sem veit að almannafæri.—

54. gr.

Bæjarstjórnin tekur að sér að láta hreinsa salerni bæjarins gegn endurgjaldi frá húsráðendum. Slík hreinsun skal fram fara á næturnar frá kl. 12–5 á sumrum og frá 10–6 á vetrum. Saurindi úr salernum má enginn kasta í tjörnina, né fjöruna eða sjóinn, en það skal látið í byrgðar gryfjur fyrir utan bæinn, þar sem heilbrigðisnefndin ákveður.—

Þó skal það eigi vera bannað túneigendum, er vilja nota áburð úr salernum, að annast sjálfir hreinsunina (og hirða áburðinn) að því er þeirra hús snertir. En skyldir eru þeir að öðru leyti að haga sér eptir fyrirmælum þessarar greinar.—

55. gr.

Á eða við almannafæri má eigi slátra skepnum. Það er bannað, hvernig sem á stendur að láta hunda koma á blóðvöllinn, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot á banni þessu eru á ábyrgð hlutaðeiganda lóðareiganda. Þess skal ávallt gætt að láta eigi sauðkindur horfa upp á meðan skorið er.—

## IX. Kafli.

### Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði og kostnað o.fl.—

56. gr.

Samþykkt þessari skal því að eins beitt í úthverfum kaupstaðarins, að það þyki við eiga eða því verði við komið.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

57. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 kr. Börn eldri en 10 ára og yngri en 15 ára skulu sæta vandarhöggum, ef þau hafa áður gjört sig sek í þessum brotum, ~~eða gjört~~, eða gjört eitthvað, sem ber vott um einstaka ónáttúru, þó eigi fleiri vandarhöggum en 15, eða sæta einföldu fangelsi allt að 8 dögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina en eigi barninu. –

58. gr.

Ef einhver lætur það ógjört, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjórinn láta gjöra þetta, eða gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórinn gjörir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af afbrotamanninum eða, ef hann er eigi fær um það, af bæjarsjóði. –

59. gr.

Allur kostnaður, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari, og eigi verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr bæjarsjóði. –

Í bæjarstjórn Reykjavíkur, 5. júní 1890. –

Halldór Daníelsson. Friðriksson. Jónassen.
Björn Jónsson. Guðbr. Finnbogason. G. Þórðarson
Guðm. Guðmundsson. Gunnlaugur Pétursson
Þórhallur Bjarnarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Breytingartillögur

1º Aptan við 7. gr. bætist: Samþ.

„þeir, sem ósjálfbjarga finnast fyrir drykkjuskap á götu, svæði eða torgi eða annarsstaðar á eða við almannafæri, skulu sæta sektum eptir þessari samþykkt."

2º Við 11. gr.: Í stað „húsum" komi „götum" Samþ.

3º Á eptir 22. gr. bætist inn ný gr. svolj.: Samþ.

„23. gr. Í fjörunni[*] má eigi kasta út nje skilja eptir seglfestugrjót, nje neitt það annað, er tjóni getur valdið skipum, er þar lenda eða liggja."

[*] (þ. e. svæði, er sjór fellur yfir í stórstraum)

4º Við 25. gr. „án leyfis lögreglustjóra" í niðurl. gr. falli burt. Samþ.

5º Við 29. gr.: Í stað „lögreglustjóri getur boðið" komi „ber" Samþ.

6º Við 43. gr. eptir „sjónleiki" á síðari staðnum bætist inn „borgunarlaust eða" Samþ.

7º Við 44. gr. „fyrir borgun" falli burt. Samþ.

8º Við 46. gr. Í stað niðurl. gr. frá „Í fjöruna – hálffallinn sjó" komi: Samþ.

„Sorpi, slori, ösku eða öðrum óhreinindum má eigi kasta í fjöruna, nje skilja það eptir neitt það, er valdið getur óhreinlæti eða óheilnæmi." Aptan við gr. bætist:

„Skyldur skal hver húsráðandi við helztu götur bæjarins til að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

láta sópa allan lausa-hroða og
sorp af götunni fyrir sinni lóð."
9° Við 51. gr. Aptan við gr. bætist
„Opinber salerni skulu byggð á
kostnað bæjarsjóðs þar sem þörf er
á."

Reykjavík. 5. júní. 1890.

Guðm. Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur